

Landsmót, þróun, staða og tillögur um framtíðarskipulag

Skýrsla landsmótsnefndar

Mars 2011

Landsmót hestamanna framtíðarsýn.

Greinargerð landsmótsnefndar LH.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, skipaður af LH

Kristinn Guðnason form. FHB, skipaður af BÍ

Sigrún Ólafsdóttir form. FT, skipuð af BÍ

Stefán Haraldsson skipaður af LH

Birgir Leó Ólafsson skipaður af LH

EFNISYFIRLIT

SKILGREINING SKAMMSTAFANA.	3
SKIPUN NEFNDAR OG STARF.	3
SAGA OG ÞRÓUN.	3
MEISTARAPRÓFSRITGERÐ HJÖRNÝJAR SNORRADÓTTUR	4
HVAÐ ERU LANDSMÓT HESTAMANNA?	5
TÍÐNI OG TÍMASETNING LANDSMÓTA	6
DAGSKRÁ.....	6
AÐBÚNAÐUR KEPPNIS- OG SÝNINGAHROSSA.....	7
KEPPNISHALDIÐ, KNAPAR	7
ÁHORFENDUR - GESTIR.....	8
ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR	8
UMGJÖRÐIN, VELLIR OG ÖNNUR AÐSTAÐA.	8
FJÁRHAGUR OG REKSTUR.....	10
HINN FÉLAGSLEGI ÞÁTTUR.....	12
HELSTU ÓGNANIR.....	12
MYNDVINNSLA(KVIKMYNDUN/SJÓNVARP) LANDSMÓTA.....	12
VERNDUN VÖRUMERKIS.....	13
STAÐARVAL.....	13
SAMANDREGIÐ.....	17
VIÐAUKI I	18

VIÐAUKI II	22
VIÐAUKI III	29
VIÐAUKI IV	37
ÞINGSKJAL NR.21	38
ÞINGSKJAL NR. 22	39
ÞINGSKJAL NR.23	40
ÞINGSKJAL NR.27	40

Skilgreining skammstafana.

Landssamband hestamannafélaga er í skýrslu þessari skammstafað sem LH, Bændasamtök Íslands sem BÍ, Landsmót hestamanna sem LM og Landsmót hestamanna ehf. sem LM ehf.

Skipun nefndar og starf.

Stjórn Landsambands hestamannafélaga skipaði með erindisbréfi 10. sept. 2010, 5 manna nefnd, sem hefði að verkefni að **fara yfir þróun og núverandi stöðu Landsmóta og koma fram með tillögur um framtíðarskipulag þeirra.**

Nefndina skipa Sveinbjörn Sveinbjörnsson, formaður, tilnefndur af LH. Stefán Haraldsson, tilnefndur af LH, Birgir L. Ólafsson, tilnefndur af LH, Kristinn Guðnason, tilnefndur af BÍ og Sigrún Ólafsdóttir tilnefnd af BÍ. Með nefndinni starfaði framan af sem ritari Haraldur Örn Gunnarsson starfsmaður LH.

Nefndin hefur komið saman á sjö fundum, þar sem farið hefur verið yfir ofangreind viðfangsefni. Nefndin hefur átt í bréflægum samskiptum við alla þá 5 aðila sem sóst hafa eftir að halda landsmót á síðustu árum. Einnig hafa átt sér stað bréflæg samskipti við BÍ. Á fundi nefndarinnar hafa komið hrossaræktarráðunautur BÍ, Guðlaugur Antonsson, Sigurður Ævarsson, mótsstjóri undanfarinna landsmóta, Hjörný Snorradóttir, sem hefur gefið LH og nefndinni kost á að nýta sér mastersritgerð sína, um landsmót hestamanna, Haraldur Benediktsson formaður BÍ og Haraldur Þórarinsson formaður LH. Einnig Haraldur Örn Gunnarsson sem framkvæmdastjóri LM ásamt Sævari Skaptasyni og Hugrónu Hannesdóttur frá Ferðapjónustu bænda. Áfangaskýrsla fyrir landsþing LH á Akureyri var unnin og kynnt.

Saga og þróun.

Landssamband hestamannafélaga var stofnað 1949. Þá þegar var hafinn undirbúningur að fyrsta landsmóti hestamanna, sem haldið var á Þingvöllum 1950.

Samið var við Búnaðafélag Íslands um aðkomu að mótinu að því er varðaði dóma og sýningu á kynbótahrossum. Hefur sú skipan sem þá var á komið haldist í grundvallaratriðum síðan.

Í upphafi töluðu menn um og skilgreindu mótið sem sýningu og keppni á bestu hrossum landsins, landssýningu. Horft var á Þingvelli sem framtíðarstað fyrir landsmót, en sú hugmynd mætti andstöðu Þingvallanefndar. landsmótið 1954 var haldið norður í Eyjafirði á Þveráreyrum. Samningar tókust um Skógarhóla og voru tvo næstu landsmót 1958 og 1962 haldin þar. Segja má að eftir ákvörðun ársþings LH haustið 1962, um landsmót norðanlands hafi það viðhorf verið ríkjandi að mótin skyldi halda til skiptis á Suður og Norðurlandi, hefur sú skipan haldist síðan. Sunnanlands voru mótin haldin eftir þetta á Skógarhólum 1970 og 1978, Hellu 1986, 1994, 2004, 2008 og í Reykjavík 2000. Norðanlands á Hólum 1966, Vindheimamelum 1974, 1982, 1990, 2002, 2006 og á Melgerðismelum 1998. Átök og ófriður hafa á stundum tengst staðarvali landsmóta, hestamönnum og félagsstarfi til tjóns.

Landsmótin voru haldin á fjögurra ára fresti til 1998 en síðan annað hvert ár. Tímasetning landsmóta hefur alltaf verið fyrsta vikan og helgin í júlí.

Veðurfar hefur oft verið ágætt, en þó einnig sett mark sitt á mótin t.d 1954, 1962 og 1970.

Meginþættir í dagskrá mótanna voru og eru dómur og sýning kynbótahrossa, gæðingakeppni og kappreiðar. Við þetta bættust sýning ræktunarbúa (1970) og keppni barna, unglínga (1978) og ungmenna ásamt töltkeppni (1978). Þegar kemur fram á áttunda áratuginn fer að þróast meiri formfesta á allar sýningar og keppni. Hefur sú þróun síðan leitt af sér ítarlega lýsingu og reglur á öllum keppnisþáttum landsmóta.

Fjöldi skráðra hrossa á landsmótum hefur vaxið úr 133 árið 1950 í 518 árið 1982 og á Gaddastaðflötum árið 2008 voru þau 928.

Glæsileg mannvirki hafa orðið til mótsvæðum sem hafa hýst landsmót á síðustu árum. Öflugt og metnaðarfullt starf hestamanna býr þar að baki. Mótin hafa alltaf verið stórviðburður í hugum hestamanna og fjölsótt. Áætlað er að aðsókn hafi lengst af verið á bilinu 6-10 þúsund manns. Á síðustu þremur mótum hefur aðsókn verið metin 11 til 14 þúsund manns. Á landsmótum hafa hesteigendur og knapar unnið sína stærstu sigra. Þar hafa komið fram glæsilegustu og bestu gæðingar landsins síðustu 60 árin.

Fullyrða má að öll hafi landsmótin vakið mikla athygli. Þau hafa án alls efa verið það tæki í höndum LH, sem mest áhrif hefur haft á að vinsældir hestsins á Íslandi hafa tekið stökkbreytingu frá því að sambandið var stofnað. Landsmótin hafa einnig eftt samtök hestamanna þannig að þau eru orðin fjöldahreyfing hér á landi.

Landsmótin eru nú á dögum orðin stórverkefni að undirbúningi og framkvæmd. Gerðar eru sívaxandi kröfur til landsmótsstaða og framkvæmdaraðila.

Meistaraprófsritgerð Hjörnýjar Snorradóttur

Ritgerð Hjörnýjar Snorradóttur, **Stefnumótun-Landsmót hestamanna**, er tímamótaverk að því er varðar umfjöllun um landsmótin. Þar er samankominn mikill fróðleikur um sögu og þróun mótanna. Ýtarleg skoðanakönnun meðal innlendra og erlendra hestamanna, ræktenda og keppenda gefur góða mynd af afstöðu manna til margra þátta er tengjast landsmótum. Framkvæmdastjórar síðustu móta vitna einnig um fjölmörg atriði. Hjörný leggur áherslu á fagleg vinnubrögð við stefnumótun, menn skilgreini landsmótin og setji fram framtíðarsýn.

Úr skoðanakönnunum sem Hjörný gerði í tengslum við ritgerðina verður m.a. þetta lesið:

- Landsmótin njóta vinsælda eins og þau eru og hafa verið í megin dráttum. Engar stórvægilegar breytingar ber að gera á þeim, heldur lagfæra það sem betur má fara.
- Það er hesturinn, íslenski gæðingurinn, sem laðar fólk á landsmót hestamanna.
- Gæðingakeppni og sýning kynbótahrossa eru vinsælustu þættir landsmóta.
- Ánægja er með núverandi fyrirkomulag gæðingakeppni og kynbótadóma.
- Ræktunarbússýningar eru vinsælar.
- Huga mætti að styttingu mótanna, ekki lengingu.
- Hrossum mætti fækka, gæði frekar en magn.
- Kostnaður hefur áhrif á aðsókn.
- Langflestir gista á tjaldsvæði á mótsstað.
- Salernismál verða að vera í lagi á tjaldsvæði og á mótssvæðinu öllu.
- Baðaðstaða á eða í næsta nágrenni mótssvæðis er nauðsynleg.
- Gæsla og afþreying fyrir börn er mikilvægur þáttur.
- Landsmótsgestir vilja hófstilla afþreyingu á kvöldin.
- Grasivaxin áhorfendabrekka tilheyrir landsmóti, allstór hópur fólks vill stúkuseti.
- Gaddastaðaflatir og Vindheimamelar njóta nú mestrar hylli sem landsmótsstaðir. Stór hluti hestamanna vill tvo landsmótsstaði, norðan og sunnanlands.

Hvað eru landsmót hestamanna?

Landsmótin hafa frá upphafi verið hátíðarsýning og keppni tileinkuð íslenska hestinum, þar sem meginþættir í dagskrá hafa verið gæðingakeppni, dómar og sýning kynbótahrossa og kappreiðar. Fjölbreytni hvað þetta varðar hefur aukist hin síðari árin, s.s. með tilkomu keppni úrvalstöltara og ræktunarbússýningum. Landsmótin hafa frá upphafi verið haldin fyrir tilstuðlan Landssambands hestamannafélaga í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, nú Bændasamtök Íslands.

Í lögum og reglum LH er eftirfarandi kafli um landsmótin:

Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta.

6.1 Ákvörðun um Landsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótssvæðið.

6.2 Hlutverk stjórnar LH

Stjórn LH skal hafa forgöngu og tilsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndar aðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

6.3 Tímasetning Landsmóta

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

6.4 Keppnisgreinar Landsmóts

Á Landsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglunga og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglunga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögunum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

6.6 Ráðstöfun hugsanlegs hagnaðar Landsmóts

Ef hagnaður verður af rekstri Landsmóta skal greiða 5% hagnaðar í áningahólfasjóð LH. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram eftir reglum sem stjórn LH setur.

6.7 Flutningsstyrkir

Flutningsstyrkir sýningar- og keppnishrossa ef greiddir verða skulu ákveðnir af rekstraraðila í samráði við LH. LH lög og reglur / 2010 – 1 Bls. **42 af 124**

6.8 Um reglur um Landsmót

Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.

Samþykkt á 53. ársþingi LH 2002

Tíðni og tímasetning landsmóta

Landsmótin voru haldin á fjögura ára fresti í 48 ár eða frá 1950 til 1998. Síðan hafa þau verið haldin annað hvert ár og er það skoðun nefndarinnar að rétt að halda sig við þá skipan áfram. Væri þar með áfram réttur hrynjandi og samspil við Heimsmeistaramótin sem hafa verið haldin árin milli landsmóta. Um þetta fyrirkomulag ætti að geta ríkt friður bæði hér heima og erlendis.

Alla tíð hefur verið við það miðað að landsmót hestamanna væru haldin í lok júní til byrjun júlí. Hafa undarfarin mót endað á fyrsta sunnudegi í júlí og er það mat mann að það hafi gefið góða raun bæði veðurfarslega svo og með tilliti til fjölda og þarfa áhorfenda.

Nú hafa komið fram hugmyndir um að færa landsmótin fram um eina til tvær vikur. Fyrir því eru færð þau rök að þannig væru þau færð út af háannatíma ferðaþjónustunnar, sem leiddi af sér fjárhagslegan og skipulagslegan ávinning fyrir mótið, gesti og hesteigendur.

Viðmælendur nefndarinnar frá Ferðaþjónustu bænda telja að almennt þá sé það jákvætt að teygja á ferðamannatímabilinu með þessum hætti. Aðilar í ferðamennski sjái sér hag í því að koma að viðburðum með einhverjum hætti þegar slíkt er gert. Einnig kom fram að krafa landsmótsgesta er að gistimöguleikar séu nægir og í ásættanlegri fjarlægð frá mótsstað. Þá kom fram að það séu ennþá mikli möguleikar í hestatengdri ferðaþjónustu.

Þá er rétt að geta þess að skv. upplýsingum frá Trausta Jónssyni veðurfræðingi er ekki mikill munur almennt á veðri dagana um 1. júlí og svo um 20. júní.

Með vísan til þessa telur nefndin rétt að skipuleggjendur landsmóta skoði það af fullri alvöru hvort það sé raunhæfur kostur að færa landsmótin fram um 1 – 2 vikur.

Dagskrá.

Úr skýrslu HS má lesa eftirfarandi niðurstöðu: Landsmót þurfa að innihalda fjölbreytta, vandaða og metnaðarfulla dagskrá, sem höfðar til mismunandi hópa innan hestamenskunnar.

Uppsetning dagskrár landsmóta hefur nú um nokkurt skeið verið með svipuðu sniði, þrátt fyrir síaukin hrossafjölda. Mótin hafa staðið í viku, hafist á mánudegi og endað á sunnudegi .

Á fund nefndarinnar kom Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur og einnig Sigurður Ævarsson, sem hefur gegnt starfi mótsstjóra á undanförunum landsmótum. Þá kemur ritgerð HS að miklum notum því hún veitir svör við ýmsum spurningum sem vakna.

Það er skoðun nefndarinnar að landsmót skuli að hámarki standa yfir frá og með mánudegi til sunnudags. Þá tekur hún jafnframt undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að létta dagskránnu amk. um stórhelgina með fækkun þeirra hrossa sem þá koma fram

Mikilvægt er að vita nokkurn vegin fyrirfram hversu mörg hross taki þátt í hverjum flokki, en þannig hefur það ekki verið varðandi kynbótahrossin og ekki að öllu leiti hvað varðar gæðingana. Til þessa hafa kynbótahrossin komist inn á mót með því að ná fyrirfram ákv. lágmarkseinkun. Betra er að skipuleggja dagskrá mótsins ef vitað er með góðum fyrirvara hver hámarksfjöldi verður í hverjum flokki. Á hinn bóginn hefur verið bent á einkum þrennt sem mælir gegn fjöldatakmörkun í stað lágmarkseinkunnar. Í fyrsta lagi sé það óhagræði fyrir eiganda að vita ekki fyrr en eftir síðustu kynbótasýningu hvort hross hans sé komið inn á mót, í öðru lagi sé þess að vænta að nánast öll hross verði sýnd á síðustu sýningum fyrir landsmót og í þriðja lagi sé þetta ekki hestvænt, amk. ekki fyrir yngri hrossin. Hugmynd hefur komið fram um að yngri kynbótahrossin yrðu valin inn á landsmót með hliðsjón af fyrirfram ákv. lágmarkseinkun, en þau eldri færu inn á mótið á grundvelli fjöldatakmörkana.

Huga mætti að þeim möguleika að þrátt fyrir að hross hafi náð því í einkunn sem þarf til að komast inn á mót, sé sá fyrirvari settur varðandi þátt. hrossa að þau komist ekki að ef fjöldi í

viðkomandi flokki fari yfir fyrirfram ákv. hámarkstölu. Yrðu þá lægstu hrossin að sæta því að komast ekki inn á mót þrátt fyrir að hafa náð landsmótseinkunn.

En heildarfjöldinn hefur til þessa ekki verið aðalvandamálið varðandi þáttöku kynbótahrossanna heldur hitt að þegar kemur að stórhelginni og allar sýningar og keppnir fara fram á aðalvelli, eiga eigendur kynbótahrossa reglum samkvæmt heimtingu á því að mætt sé með öll hrossin í yfirlitssýningu og skiptir þá engu hvaða dóm þau hafa hlotið í fordómi. Með því að breyta þessu á þann veg að fyrirfram sé ákveðið hversu mörg hross geti komið í yfirlitssýningu í hverjum flokki á mótinu myndi það auðvelda mjög vinnu við gerð dagskrár og framkvæmd hennar. Þá væri þetta til bóta fyrir áhorfendur, sem vilja sjá öll bestu hrossin, og sýnendur og eigendur þeirra sem vilja að þau fái sem mesta athygli. Er það samdóma álit nefndarinnar að breyting í þessa vegu yrði til hagræðingar fyrir dagskrá landsmótana.

Það sjónarmið hefur verið sett fram að horfið yrði frá því að dæma kynbótahross á landsmótum heldur yrði eingöngu um sýningu að ræða á grundvelli þeirra dóma sem þau hefði hlotið þá um vorið. Nefndin hefur fjallað um þetta og er ekki sammála þessu sjónarmiði. Telur hún að stöðumat á hrossunum þurfi að fara fram landsmótsdaganna en þá kann að verða breyting á uppröðun miðað við árangur á mótinu sjálfu.

Rætt hefur verið í nefndinni hvort þörf sé á að fækka þeim hrossum sem taka þátt í gæðingakeppni landsmóta. Um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir en jafnframt hefur komið í ljós að svo virðist sem fækkun hrossa í þessum hópum svo og kynbótahrossum skili ekki þeim árangri sem vænta mætti til að rýmka til í dagskránni þegar kemur að stórhelginni þegar úrslitakeppnir, yfirlitssýningar og verðlaunaaafhendingar fara fram á einum og sama vellinum.

Val hrossa í gæðingakeppni hefur hingað til farið þannig fram að hestamannafélögin hafa sent tiltekin fjölda gæðinga í samræmi við tölu félagsmanna. Nokkur gagnrýni hefur komið fram á þetta fyrirkomulag, einkum í seinni tíð. Hefur því verið haldið fram að með þessari aðferð séu að mæta á mótið hross sem hafa ekkert þangað að gera. Á móti hefur verið fullyrt að breyting á þessu fyrirkomulagi gæti orðið til þess að fækka áhorfendum þar sem hverjum keppenda fylgi tiltekin fjöldi áhorfenda.

Nefndin telur eðlilegt að reglur um þáttöku gæðinga verði endurskoðaðar og skerpt á þeim og jafnframt skoðað vandlega hvort ekki sé þörf á að setja sem skilyrði fyrir þáttöku að hestur hafi náð tiltekinni lágmarkseinkunn. Þessi einkunn á ekki að vera há heldur verður að horfa til þess að engum er greiði gerður með því að honum sé heimilað að mæta á landsmót í gæðingakeppni með hest sem allir sem á horfa eru sammála um að á ekki erindi þangað. Þá er jafnframt þörf á að setja skýrari reglur um fjölda þeirra hrossa sem taka þátt í þessari keppni með þarfir mótsins í huga.

Aðbúnaður keppnis- og sýningahrossa

Vakin er athygli á mikilvægi þessa þáttar í landsmótshaldinu.

Þegar landsmót eru haldin drífur að fjöldi hrossa sem kemur fram í keppni og sýningum. Vaxandi fjöldi sýnenda og eigenda vill hafa möguleika á hýsingu. Veðurfar hefur hér áhrif. Margir bjarga sér sjálfir varðandi þessi atriði, aðrir þurfa á aðstoð að halda. Landsmótsstaður sem stendur undir nafni býður hér öllum úrlausn.

Keppnishaldið, knapar

Undirbúningur vegna allra keppnisþátta er afar mikilvægur og þarf þar allt að ganga upp þegar að móti kemur.

Dómarar og starfsmenn keppnisgreina gegna lykilhlutverki.

Mikilvægt er að skipan dómnefnda sé hafið yfir gagnrýni. Eðlilegt er að dregið verði úr hópi dómara sem teljast hæfir og gefa kost á sér til dómstarfa í öllu flokkum. Verði önnur leið valin við skipan dómnefndar þarf að rökstyðja það val.

Aðstaða knapa þarf að vera þannig að þeim sé gert kleift að ná hámarksárangri.

Keppendur þurfa að njóta forgangs í umferð að og frá mótsstaðnum.

Áhorfendur - gestir

Í greinargerð HS kemur fram eftirfarandi: Áhorfendur vilja sjá það besta sem er að gerast í hestamennskunni að því er varðar gæðinga og kynbótahross. Það er kallað eftir fjölbreyttum gistimöguleikum í um 20km radíus frá mótsstað, skjólgóðu tjaldstæði með nægum rafmagnstenglum fyrir felli,- og hjólhýsi. Gerðar eru kröfur um góða hreinlætisaðstöðu með heitu og köldu vatni og aðgengi að sturtu á tjaldstæðinu. Áhorfendastæði séu báðumegin vallar og val um að sitja í stúku eða grasivaxinni brekku. Veitingasala sé nálægt áhorfendastæði og fjölbreyttar veitingar í boði auk annarra atriða sem fram komu í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Erlendir áhorfendur gera að auki kröfu um skýra upplýsingagjöf og merkingar. Einnig að hægt sé að skipuleggja ferð á landsmót í gegnum netið og það með góðum fyrirvara.

Íslenskur landbúnaður

Hesturinn hefur öðru fremur skapað mikilvæga og jákvæða tengingu milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Landsmót hestamanna eru sameiginleg stórhátíð innlendra og erlendra hestamanna, hrossaræktenda og sýnenda og þannig hefur það verið. Sýning kynbóthrossa hefur verið einn af meginþáttum landsmótanna og vakið athygli á ræktendum á hverjum tíma,

Bændasamtökin gætu nýtt sér landsmótin í enn ríkara mæli en verið hefur til kynningar á fjölbreyttri framleiðslu íslensk landbúnaðar.

Umgjörðin, vellir og önnur aðstaða.

Ein meginforsenda þess að tiltekinn staður eða umsækjandi komi til greina varðandi landsmótshald er að hann uppfylli lágmarkskröfur um alla aðstöðu og mannvirki. Lágmarkskröfur að þessu leyti gætu byggt á kvörðun mannvirkjanefndar LH.

Mannvirkjanefnd LH setti fram hugmyndir að kvörðun við úttekt á landsmótssvæðum í skýrslu til stjórnar LH í janúar 2010.

Þar kemur fram meðal annars eftirfarandi:

Nefndin telur upp átta þætti sem lúta að svæðunum og hún telur að þurfi að vera fyrir til staðar. Það sem nefndin horfir til eru eftirfarandi þættir:

- Vellir
- Veitukerfi
- Skipulag og aðkoma
- Tjaldsvæði
- Gisting

- Byggingar á mótsvæðinu
- Hesthús
- Áhorfendabrekkur og stúkur

Stig eru gefin frá 0-5. Hæsta talan gæfi til kynna að svæðið mundi uppfylla allar kröfur rekstraðila mótsins og lægri tala þýðir þá að ekki næst að uppfylla kröfur rekstraðila. Við samantekt atriðanna 8 er tekið fram það sem horft er til við stigagjöf. Sama vægi er á öllum atriðum.

1. Vellir: Gæðingakeppnisvöllur og kynbótavöllur aðskilin, þannig að hægt sé að halda hvoru tveggja í einu. Gæðingskeppnisvöllur uppfyllir kröfur til slíkra valla, bæði fyrir fjórgang og fimmgang. Kynbótabraut er sérstæð, 4-6 metra breið og sérstaklega afmörkuð. Undirlag og frágangur girðinga hefbundinn.
2. Veitukerfi: Afl rafmagnsveitu er nægilegt og dreifikerfið uppfyllir settar kröfur Landsmóts ehf. Neysluvatnskerfi uppfyllir kröfur Landsmóts ehf og þrýstingur þess er nægilegur. Dreifikerfið nær yfir mótssvæðið og tengd tjaldsvæði. Hitaveita á svæðinu, er ekki skilyrði en til bóta.
3. Skipulag og aðkoma: Skoðað er í heild hvernig svæðið virkar. Horft er til þess að svæðin séu sæmilega þétt, stutt á milli valla og áhorfendur geti sem mest verið beggja megin við velli, sérstaklega gæðingakeppnisvelli. Aðkoma gesta, keppenda og annarra sé greið. Tekið er tillit til staðsetningar tjaldsvæða m.v. mótssvæði sem og staðsetning og stærð bílastæða. Aðkoma sjúkrabíla sé greið og að aksturleiðir að og frá svæðunum séu a.m.k tvær.
4. Tjaldsvæði: Tekið er tillit til eftirfarandi þátta við stigagjöf á tjaldsvæðum:
 - Skjól.
 - Kalt vatn.
 - Hreinlætisaðstaða.
 - Undirlag,
 - Aðstaða með tenglum fyrir felli- og hjólhýsi.
 - Staðsetning við sjálft mótssvæðið og möguleg skipting tjaldsvæða mtt til aldursdreifingar mótsgesta.
5. Gisting Horft er til þeirra möguleika sem eru í nánasta umhverfi mótssvæðis varðandi gistingu. Þ.e. framboð af ýmiskonar gistingu, hótela, gistiheimila, bændagistingu og annað slíkt.
6. Byggingar á mótssvæði Horft er til þeirra bygginga sem nýtast mótinu, s.s. reiðhallir, skála sem nýtast fyrir stjórn og fréttamenn. Staðsetning mannvirkja verður að vera þannig að þau geti nýst mótahaldinu. Hesthús eru ekki meðtalin.
7. Hesthús: Horft er til þess magns af hesthúsum sem er í boði fyrir keppendur, einnig gæði húsanna og staðsetningu m.t.t nálægðar við mótssvæðin.
8. Áhorfendabrekkur og stúkur: Horft er til áhorfendabrekka ásamt aðstöðu til þess að koma upp stúkum. Áhorfendasvæði í kringum allan gæðingavöllinn myndu teljast besti kostur í þessu tilviki.

Það er mat nefndarinnar að mælikvarði mannvirkjanefndar LH sýnist um margt gott tæki til mats á umgjörð landsmótssvæða. Vel mætti hugsa sér að mannvirkjanefndin yfirfæri einstaka þætti kvarðans og gerði hann ýtarlegri.


Fjárhagur og rekstur

Þegar litið er til framtíðar landsmóta er rétt og nauðsynlegt að huga sérstaklega að fjárhagslegum grundvelli þeirra. Bæði landsmótsstaður og rekstraraðili verða að hafa viðunandi afkomu af mótunum. Það gengur ekki lengur að þessir aðilar séu að sligast undan skuldavanda, sem tengist mótshaldinu.

Lengst af hafa hestamannafélögin á því landssvæði þar sem landsmót hafa verið haldin séð um rekstur þeirra. Var einnig svo þegar landsmót var haldið í Reykjavík árið 2000 en þá stofnuðu viðkomandi hestamannafélög saman einkahlutafélag, sem bar ábyrgð á rekstrinum. Hafði það félag ekki annan tilgang en reka þetta eina mót. Á því sama ári var hins vegar tekin ákvörðun um breytt rekstrarform landsmóta. Fyrir forgöngu Landssambands hestamannfélaga stofnuðu BÍ og LH félagið Landsmót hestamanna ehf., en megin verkefni þess félags er að annast rekstur landsmóta hvar á landi sem þau verða haldin. Var talið að ýmislegt hagræði ynnist með þessu, s.s. ekki þyrfti að byrja frá grunni við undirbúning nýs móts, meiri líkur væru á því að hægt yrði að ná samningum við styrktaraðila og reynsla sem fengist af einu móti myndi nýtast við undirbúning þess næsta. Félag þetta er að 1/3 hluta í eigu BÍ og 2/3 hlutum í eigu LH. Hefur þetta félag sé um rekstur s.l. 4 móta frá og með 2002.

Í samþykktum félagsins kemur fram að hagnaði af starfssemi þess skuli varið til mótahalds og sýninga, til eflingar, ræktunar og þjálfunar íslenska hestsins, svo og til félagsstarfs hestamanna. Af þeim sökum er hvorki greiddur arður til eigenda né tekjuskattur og getur því hagnaður af einu móti farið óskertur yfir í undirbúning þess næsta.

Þau landsmót sem rekin hafa verið af LM ehf. hafa öll skilað hagnaði. Þessi rekstrarafgangur hefur þó verið óverulegur þar til eftir landsmót 2008 en þá var hann tæplega kr. 20.000.000,-.



Nefndinni þótti rétt að taka saman hveru mikla leigu Landsmót hestamanna ehf. hefði greitt til staðarhaldara vegna þeirra landsmóta sem félagið hefur rekið, þ.e. 2002 og 2006 á Vindheimamelum og 2004 og 2008 á Gaddstaðaflötum. Þá var jafnframt kannað hversu miklir opinberir styrkir hefðu verið reiddir fram vegna þessara móta, þ.e. annars vegar til staðarhaldara og hins vegar rekstraraðila. Rétt er að taka fram að með opinberum styrkjum er ekki átt við styrki sveitarfélaga eða “styrktaraðila”. Samantektin leiðir eftirfarandi í ljós:

Vindheimamelar

	Leiga v/mótssvæðis	Styrkur frá opinberum aðilum
2002	11.171.388.00 kr.	5.000.000.00 kr.
2006	14.548.597.00 kr.	15.000.000.00 kr.
Alls	25.719.985.00 kr.	20.000.000.00 kr.
	Samtals leiga og styrkir	45.719.985.00 kr.

Gaddstaðaflatar

2004	13.321.369.00 kr.	21.000.000.00 kr.
2008	9.846.750.00 kr.	43.750.000.00 kr.
Alls	23.168.119.00 kr.	64.750.000.00 kr.
	Samtals leiga og styrkir	87.918.119.00 kr.

Landsmót ehf (rekstraraðili)

2002	- kr.	3.800.000.00 kr.
2004	- kr.	5.300.000.00 kr.
2006	- kr.	- kr.
2008	- kr.	3.000.000.00 kr.
	Samtals styrkir	12.100.000.00 kr.

Af þessum tölum sést að verulegir fjármunir hafa runnið til svæðanna. Annars vegar frá rekstraraðila í formi leigu, sem er að jafnaði yfir 1.200.000,- pr. dag sé miðað við að svæðin séu höfð á leigu í hvert sinn í 10 daga.

Þá sést jafnframt að verulegt opinbert fé hefur verið veitt í tengslum við mótin. Alls nema þessir styrkir kr. 96.850.000,- og skiptast þannig að Rangárbakkar hafa fengið tæplega 67%, Vindheimamelar tæplega 27% og Landsmót hestamanna ehf. (4 mót) um 12,5%. Rétt er að fram komi að skv. lauslegri athugun er fjárhagsstaða Gullhýls, sem rekur Vindheimamela, viðundandi, en rekstur Rangárbakka ehf., sem rekur Gaddstaðaflatar, mjög slæmur.

Þá er ljóst að Landsmóts ehf. á í verulegum rekstrarerfiðleikum, sem skýrist einkum vegna þess tjóns sem félagið varð fyrir þegar tekin var ákvörðun um frestun landsmóts í Skagafirði 2010. Er ætlað að tap félagsins vegna þessa hafi verið um kr. 25.000.000,-. Er staða þess nú þannig að skuldir umfram eignir eru tæplega kr. 14.000.000,- (upplýsingar frá endurskoðanda LM ehf).

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að tryggja rekstrargrundvöll staðarhaldara og þá ekki síður þess aðila sem rekur landsmótin, annars er vandséð að áframhald verði á þessu mótahaldi, a.m.k. á þeirri braut sem verið hefur.

Hinn félagslegi þáttur.

Á árum áður komu öll hestamannafélögin á Suður eða Norðurlandi að landsmótshaldinu og höfðu landsmótin þá mikla félagslega skírskotun á þeim svæðum. Hestamenn lögðu metnað sinn í að standa vel að mótunum og höfðu hestamannafélögin af þessu fyrirkomulagi all nokkrar tekjur. Hagnaði sem út af stóð var skipt upp milli félaganna eftir framlagi.

Síðan hvarf þessi breiða félagslega tenging við landsmótin og verður sú saga ekki rakin hér. Við tók þá tími kaupskapar um framkvæmd og rekstur. Landsmótsstaðir voru settir inn í einkahlutafélög og rekstur mótanna fór einnig inn í sérstakt félag. Mennt geta deilt um það hvort þetta hafi verið óumflýjanleg og eða æskileg þróun. En að líkindum hefur hún þó stuðlað að því að hestafólk almennt gerir nú miklar kröfur til landsmótstaða og framkvæmdar og er staður og staðsetning minna atriði. Hin félagslega tenging hefur vikið fyrir viðskiptum á vöru og þjónustu.

Helstu ógnanir.

Í fyrsta skipti í 60 ára sögu mótanna hefur nú orðið að fella niður landmót vegna **sjúkdóms** sem herjar á hross í landinu. Það kom til álita 1998 að fella það mót niður vegna hitasóttarinnar svokölluðu, en til þess kom ekki. Það má því vera ljóst að það eru talsverðar líkur til þess að þetta kunni að gerast aftur, e.t.v. í nágrenni framtíð. Því verður að gera ráð fyrir þeim möguleika þegar hugað er að skipulagi mótanna. Þá er afar nauðsynlegt að þrýst verði á stjórnvöld að reynt verði með öllum tiltækum ráðum að sporna við því að sjúkdómar sem þessir berist til landsins. Er hér um stórkostlegt hagsmunamál að ræða, jafnt fyrir landsmótin sem og alla hestamennsku og allt sem henni tengist eins og nú hefur komið í ljós á þessu ári.

Veðurfar skiptir verulegu máli og setur svip sinn á landsmótin. Enn sem komið er hefur ekki orðið að fresta eða fella niður mót vegna slæms veðurs, en hafa ber í huga að það gæti gerst eða að það hefði slík áhrif á fjölda áhorfenda að allar rekstarforsendur væru brostnar.

Alvarlegar **deilur meðal hestamanna** um landmótin er verulega ógn við framtíð þeirra. Miklu skiptir að menn standi heilshugar að þessu verkefni og útkljái ágreining innbyrðis en ekki opinberlega.

Þá þarf að gæta mjög að því að **ímynd** landsmóta sé góð, þetta er gluggi hestamenskunnar og því skiptir miklu að hann sé hreinn. Verði, svo dæmi sé tekið, knapar á mótinu t.d. uppvísir að því að ríða keppnis eða sýningarhrossum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna gæti það valdið ómældu tjóni fyrir landsmótin og þar með greinina í heild sinni. Koma þarf í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum að slíkt hendi.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að sé ekki gætt að **rekstargrundvelli** mótanna, kann það að verða þess valdandi að þau verði ekki haldin í þeirri mynd sem nú er gert. Er rétt að menn hugi vel að þessu, einkum nú í kjölfar hruns, þegar verulegum annmörkum er háð að ná fjármunum úr sjóðum ríkis, sveitarfélaga og styrktaraðila. Verður að standa þannig að málum að þetta ástand skaði ekki landsmótin til framtíðar.

Myndvinnsla(kvikmyndun/sjónvarp) landsmóta.

Nánast frá upphafi hafa landsmótin verið kvikmynduð. Er það vel og eru hinar gömlu kvikmyndir nú ómetanlegar heimildir um þennan tíma og hestamenskuna þá. Nauðsynlegt er að standa vel að varðveislu þessara menningarverðmæta og ber aðstandendum landsmóta að sjá til þess að svo verði.

Þó vissulega hafi þessi myndvinnsla aukist nú á síðustu mótum verður að segjast eins og er að þróunin í því sambandi hefur ekki fylgt eftir þeirri þróun sem hefur orðið á landsmótahaldinu og tækninýjungum á þessu sviði. Nefndin telur að hér megi gera betur og verði vel að verki staðið kunni svo að fara í framtíðinni að rekstur landsmóta geti haft verulegar tekur af myndvinnslu mótanna auk betri kynningar almennt fyrir hestinn og Ísland. Hér kann að vera um vannýtta auðlind að ræða.

Verndun vörumerkis.

Ekki verður um það deilt að í nafninu Landsmót hestamanna felast mikil verðmæti (viðskiptavild). Því ber að vernda þau verðmæti og sérstöðu þess. Þannig verður að sjá til þess að aðrir viðburðir í hestamennskunni á Íslandi tengi sig ekki við þetta nafn með óeðlilegum hætti s.s. með því að kalla tiltekin mót tölt-landsmót, ís-landsmót osfrv. Það er ótækt að slíkur viðburður sé kynntur undir því nafni á vegum LH og BÍ. Það á að vera skýrt meðal hestamanna að það er bara til eitt landsmót.

Staðarval.

Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta

6.1 Ákvörðun um Landsmót

Landsmót hestamanna skulu haldinn annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótssvæðið.

6.2 Hlutverk stjórnar LH

Stjórn LH skal hafa forgöngu og tilsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndar aðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.



Dreifing landsmóta um landið, fjöldi móta á hverjum stað í sviga.

Fyrir liggur að deilur hafa orðið meðal hestamanna vegna ákvörðunar um landsmótsstaði. Risu þær deilur hæst eftir að ákvörðun var tekin um að landsmót skyldi haldið á Vindheimamelum 1990, en það leiddi til þess að Eyfirðingar gengu úr LH um tíma.

S.l. vetur tók LH ákvörðun um að LM 2012 skyldi haldið í Reykjavík. Sunnlendingar höfðu vonast eftir að fá mótið á Gaddstaðaflati. Olli þessi ákvörðun verulegum titringi, m.a. var BÍ mjög ósátt við hana.

En hvers vegna hafa allar þessar deilur orðið. Væntanlega vegna þess að hestamenn og hestamannafélög á tilteknum svæðum, Suðurlandi, Skagafirði, Reykjavík og í Eyjafirði telja verulega eftirsóknarvert að LM sé haldið á þeirra svæði. Þegar væntingar ganga ekki eftir verða menn svektir. Það sýnist þannig vera meiri eftirspurn eftir mótunum en framboð.

Með þetta í huga ákv. nefndin að senda **umsækjendum um landsmót á síðustu árum** bréf þar sem þeir voru beðnir um að svara því hverjar væru helstu ástæður þess að viðtakandi bauð fram mótsvæði undir landsmót hestamanna. Í svörum þeirra virtust tveir þættir standa uppúr. Annarsvegar **slagkraftur til uppbyggingar** sem fylgir landsmótum og þá einnig **stuðningur opinberra aðila**, og hins vegar **innspýting fyrir alla þjónustu í héraðinu**.

Ljóst er að það er mjög af hinu góða og fagnaðarefni að menn sækist eftir að landsmót verði haldin á þeirra svæði, en það er með öllu ósættanlegt deilur yfirskyggi alla aðra umræðu um mótið. Slíkar deilur eru hvorki landsmótunum né hestamenskunni til framdráttar. Í hugum flestra hestamanna skiptir ekki meginmáli hvar vel skipulagt og glæsilegt landsmót fer fram.

En hvað er þá til ráða. Að hverju ber að hyggja í framtíðinni varðandi staðarval komandi landsmóta. Landsmótsnefndin mun hér á eftir leitast við að veita það nokkra leiðsögn en er þó þess fullvitandi að í þessum efnum er enginn einn sannleikur til og verður aldrei. Það þarf að huga að mörgu, sýningar- og keppnishaldinu, þjónustu, umgjörð og rekstri mótanna svo eitthvað sé upptalið.

Í maí 2005 skipaði stjórn LH 3ja manna nefnd að tilmælum 54. þings samtakanna. Hlutverk nefndarinnar var að “marka stefnu um framtíðarstaðarval fyrir landsmót hestamanna.” Nefndin skilaði skýrslu fyrir landsþing LH 2006 þar sem hún var kynnt. Nefndin fjallaði í umfjöllun sinni ekki um einstaka staði heldur vann verkið út frá þörfum, markmiðum og leiðir varðandi staðarval landsmóta almennt.

Það var mat nefndarinnar að við staðarvalsákvörðun væri rétt að horfa 8 – 10 ár fram í tímann í senn. Töldu nefndarmenn að ekki væri mögulegt að skipuleggja til lengri tíma. Niðurstaða nefndarinnar var sú að rétt væri að haga staðarvali landsmóta í náninni framtíð þannig að valin yrði sá staður sem best uppfyllti kröfur og skilyrði hverju sinn. Væri rétt að hafa í huga að kröfur til staðanna gætu breyst eftir hvert mót, með hliðsjón af reynslu, þróun og staðháttum. Sjá fylgiskjal II.

Mannvirkjanefnd LH sendi frá sér skýrslu í janúar 2010 um kvörðun landsmótssvæða 2010 – 2014, sbr. það sem fram kemur hér framan. Í þessari skýrslu kemur fram að nefndin tók ákvörðun um að búa til kvarða um mannvirki og skipulag sem þyrfti að vera til staðar á landsmóti í tengslum við umsögn um þau svæði sem sóttu um landsmót 2012 og 2014. Kemur þar fram að þessi aðferð sé ný af nálinni og vonast nefndin til að þessi vinna haldi áfram að þróast þannig að til verði gagnabanki yfir öll mótssvæði á landinu, sem myndi auðvelda vinnu við val á mótssvæðum. Er tekið fram að við þessa kvörðun sé ekkert tillit tekið til “staðsetningar, félagslegra þátta, samgangna né annars slíks”. Sjá fylgiskjal III.

Að mati LM nefndar ber að horfa m.a. til eftirfarandi þátta þegar staðarval er ákv.:

1. Svæðið sem slíkt uppfylli allar kröfur og staðla mannvirkjanefndar.

2. Þarfir innlendra gesta:

- a) Tjaldsvæði á svæði og í nágrenni uppfylli þarfir fjölskyldufólks og annarra, sem fara ekki endilega saman.
- b) Nægt gistirými í grennd eftir þörfum hvers og eins.
- c) Matvöruverslanir og önnur slík þjónusta í nánd við mótssvæði.
- d) Veitingastaðir/matsölustaðir á mótssvæði eða í grennd.
- e) Möguleikar á afþreyingu fyrir fjölskyldufólk á svæði og í grennd.
- f) Samgöngur við svæði.
- g) Kostnaður.

3. Þarfir erlendra gesta:

- a) Nægt gistirými í grennd eftir þörfum hvers og eins.
- b) Veitingastaðir/matsölustaðir á mótssvæði eða í grennd.
- c) Tjaldsvæði á svæði og í nágrenni.

- d) Matvöruverslanir og önnur slík þjónusta í nánd við mótssvæði.
- e) Samgöngur við svæði.
- f) Kostnaður.

4. Aðstöðu fyrir sýningar/keppnishross:

- a) Möguleikar á hýsingu á svæði eða í grennd.
- b) Möguleikar á beit á svæði eða í grennd.

5. Aðstöðu fyrir knapa:

- a) Sjá 2 og 4 auk góðrar aðstöðu á mótssstað.

6. Aðstaða fyrir fjölmiðla og aðra þjónustuaðila.

Skiptir nú verulegu máli, m.a. þarf að vera ljósleiðari inn á svæði.

7. Hagkvæmni fyrir rekstraraðila, svæði og aðra sem mótinu tengjast.

Hér skiptir m.a. máli það bakland sem svæðið hefur svo sem öflug hestamannafélög og sveitarfélög.

8. Félagslegt réttlæti:

Í reglum LH um staðarval landsmóta kemur m.a. fram að yfirsýn á félagslegt réttlæti skuli haft til hliðsjónar án þess að það sé skýrt nánar hvað í því felst. Það er skoðun nefndarinnar að það sé mikilvægt fyrir hestamenn og alla þætti sem að hestamenskunni snúa að við val á landsmótsstað sé haft að leiðarljósi að sá staður henti sem best því hlutverki frekar en því sé öfugt farið. Vissulega má reikna með því að landsmót hvar sem þau eru haldin skipti verulegu máli fyrir viðkomandi svæði, en það eitt og sér getur hreint ekki nægt til þess að landsmót verði sett niður þar. Það þarf meira til.

9. Nýting og eignarhald svæða.

Mikilvægt er að sú uppbygging sem á sér stað á landsmótssvæðum nýtist sem best.

10. Einn eða fleiri landsmótsstaðir.

All oft hefur komið fram í umræðunni ótvíræður kostur þess að til væri einn landsmótsstaður, þjóðarleikvangur hestsins. Færa má all mörg rök fyrir þessu og þá einkum það að reikna má með að þessi staður yrði þá byggður upp á þann veg að hann bæri höfuð og herðar yfir aðra staði. Þetta hefur enn ekki orðið og er vandséð að svo verði á næstunni eins og fjáhagsstöðu þjóðarinnar er nú háttáð. En það má jafnframt benda á sitthvað sem er þessu mótdrægt, .s.s.:

- a) Minni fjölbreytni, leiðigjarnt að fara í allt að vikufrí á einn og sama staðinn annað hvort ár.
- b) Minni samkeppni milli svæða, hætt við stöðnun.

11. Tíðni móta sunnan og norðanlands.

Nefndin er sammála um að við ákvörðun um staðarval sé rétt að hafa í huga að það má færa fyrir því rök, bæði fjárhagsleg og félagsleg, að rétt sé að horfa til þess að tvö landsmót verði haldin sunnanlands í röð á móti einu norðanlands.

Það er skoðun nefndarinnar að LH eða þeir sem hafa með staðarval að gera þurfi að taka af skarið um hvar næstu 3-4 landsmót verði haldin.

Eins og staðan er í dag er stjórn LH sem tekur endanlega ákvörðun um landsmótsstað hverju sinni. Það er skoðun nefndarinnar að BÍ eigi að koma að staðarvalsákvörðun ásamt stjórn LH, enda verði um það full sátt. Hafa ber í huga að Landsmót hestamanna ehf. er sameiginlegt félag þessara aðilja um rekstur mótanna.

Samandregið.

Landsmót hestamanna eru óviðjafnanleg hátíðarsamkoma hestamanna.

Talið er að enginn einn viðburður hérlendis dragi að sér eins marga erlenda gesti. Í því felast mikil verðmæti sem þarf að viðhalda og auka.

60 ára saga landsmóta er vörðuð stórbrotnum sýningum og upplifun.

Engar stórvægilegar breytingar ber að gera á mótunum heldur laga það sem betur má fara og hafa að leiðarljósi að gera betur á næsta móti en því síðasta.

Mótin eru nú haldin í upphafi júlí annað hvert ár, og hefur það reynst farsælt. Nú hafa komið fram hugmyndir um að færa mótin fram um viku eða hálfan mánuð.

Dagskrá mótanna þarf að léttast og kemur þar til greina breytt skipulag og fækkun hrossa.

Þegar litið er til framtíðar landsmóta er rétt og nauðsynlegt að huga sérstaklega að fjárhagslegum grundvelli þeirra. Bæði landsmótsstaður og rekstraraðili verða að hafa viðunandi afkomu af mótunum.




Ein meginforsenda þess að tiltekinn staður eða umsækjandi komi til greina varðandi landsmótshald er að hann uppfylli lágmarkskröfur landsmóts.




Það er staðreynd að Landsmót hestamanna skiptir verulegu máli fyrir alla þætti hestamennskunnar á Íslandi og víðar.




Gera verður þá kröfu til aðstandenda landsmóta að þeir standi heilshugar saman að þessu verkefni og geri sér fulla grein fyrir því fjöreggi sem þeir hafa gæslu á.




VIÐAUKI I

Nokkrar tölulegar staðreyndir um landsmót.









VIÐAUKI II
Staðarval landsmóta hestamanna

Reykjavík, september 2006

Ásgeir Margeirsson

Guðlaugur V. Antonsson

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	23
1. INNGANGUR	24
1.1 Skipan nefndarinnar	24
1.2 Upphaf starfsins	24
2. NIÐURSTÖÐUR	24
3. LANDSMÓT HESTAMANNA Í SÖGULEGU SAMHENGI	25
3.1 Ágrip af sögu landsmótshalds	25
3.2 Reglur LH um staðarval landsmóta	25
3.3 Landsmót hestamanna ehf.	26
3.4 Landsmót í náinni framtíð	26
4. LANDSMÓTSSTAÐIR FRAMTÍÐARINNAR	27
4.1 Staðall um landsmótahald	27
4.2 Uppbygging landsmótsstaða	27
4.3 Ákvörðun um landsmótsstaði	27
LOKAORÐ	28

Inngangur

Skipan nefndarinnar

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga (LH) samþykkti að beina þeim tilmælum til stjórnar LH að skipa nefnd sem fái það hlutverk að marka stefnu um framtíðarstaðarval fyrir landsmót hestamanna. Skyldi nefndin skila niðurstöðu sinni og tillögu fyrir næsta landsþing (2006).

Í maí 2005 skipaði stjórn LH eftirtalda aðila í nefnd þessa:

Ásgeir Margeirsson, formaður Mannvirkjanefndar LH, formaður

Guðlaugur V. Antonsson, hrossaræktarráðunautur

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, formaður stjórnar Landsmóts hestamanna ehf.

Upphaf starfsins

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn á skrifstofu LH þann 30. október 2005. Fóru nefndarmenn yfir tilgang og markmið nefndarstarfsins og skilgreindu verkefnið. Nefndarmenn einsettu sér í upphafi að vinna verkefnið út frá skilgreiningu þess, þar sem einstakir staðir komi ekki inn í umræðuna, heldur frekar þarfir, markmið og leiðir varðandi staðarval landsmóta.

Síðan hefur hópurinn haldið nokkra vinnufundi og rætt við fjölmarga aðila sem tengjast LH og öðrum samtökum og aðilum í hestamennsku.

Nefndarmenn höfðu í huga við vinnu sína að hestamenn í víðu samhengi eru breiður hópur einstaklinga með mismunandi hagsmuni og hafa því mismunandi aðkomu að landsmótum. Í þessu sambandi má nefna hinn almenna hestamann, keppendur, þjónustuaðila hvers konar, dómara, starfsmenn og ræktendur.

Niðurstöður

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, sem fram kemur í kafla 4.3 að skynsamlegast sé að haga staðarvali landsmóta í náginni framtíð þannig að valinn sé sá staður sem best uppfyllir kröfur og skilyrði hverju sinni. Það tryggir best og styrki landsmótahald til framtíðar.

Landsmót hestamanna í sögulegu samhengi

Ágrip af sögu landsmótshalds

Fyrsta landsmót hestamanna var haldið árið 1950 á Þingvöllum. Síðan hafa verið haldin 16 landsmót á eftirgreindum stöðum:

- Skógarhólar
- Þveráreyrar
- Hólar
- Melgerðismelar
- Vindheimamelar
- Gaddstaðaflatar
- Víðidalur, Reykjavík

Landsmót voru í upphafi haldin fyrst og fremst fyrir hestamenn til að sýna hesta sína, sjá aðra gæðinga, etja kappi hver við annan og halda gott mannamót. Í tímans rás breyttist áhersla landsmótanna smám saman. Ekki þannig að þessi upprunalegi þáttur hafi vikið, heldur þannig að aðrir mikilvægir þættir hafi bæst við.

Er í því samhengi mikilvægt að hafa í huga markaðslegt mikilvægi landsmóta fyrir sölu hesta og hestatengds búnaðar og –þjónustu og enn fremur markaðslegt mikilvægi landsmóta fyrir ferðaþjónustu.

Landsmót hestamanna hefur í seinni tíð verið í hvert sinn sá einstaki atburður á Íslandi sem hvetur hvað flesta erlenda ferðamenn til að koma til landsins. Markaðslegt og þjóðhagslegt mikilvægi landsmóta er því gríðarlegt og ber að hafa það í huga við ákvarðanir um landsmótahald framtíðarinnar.

Reglur LH um staðarval landsmóta

Í 6. kafla laga og reglna LH, Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta, segir í grein 3.2, Ákvörðun um Landsmót:

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir þremur árum fyrir það mót sem um ræðir. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótssvæðið.

Nefndarmenn hafa í starfi sínu ekki komið auga á aðrar reglur eða ákvæði sem stýra ákvörðunum um staðarval landsmóta.

Landsmót hestamanna ehf.

Allt frá upphafi landsmótshalds sáu staðbundnar framkvæmdanefndir um framkvæmd landsmóts hverju sinni. Eftir að mótunum fjölgaði, þannig að þau væru haldin á tveggja ára fresti í stað fjögurra áður, þótti mönnum rétt að einn og sami aðili sæi um rekstur mótanna, burt séð frá því hvar þau væru haldin. Væri þetta gert í þeim tilgangi að reynsla og þekking liðinna móta nýttist betur við skipulagningu og framkvæmd næstu móta en áður gerði.

Vegna þessa stofnuðu LH og Bændasamtök Íslands (BÍ) einkahlutafélagið Landsmót hestamanna ehf. sem er að 2/3 hlutum í eigu LH og 1/3 hluta í eigu BÍ.

Landsmót hestamanna ehf. hefur séð um framkvæmd landsmóta frá árinu 2002, eða þriggja síðustu landsmóta. Á þessum tíma hefur velta mótanna meira en tvöfaldast frá því sem var áður en félagið hóf störf.

Landsmót í náinni framtíð

Nefndarmenn telja að í náinni framtíð muni landsmótahald einkennast og taka í auknum mæli mið af eftirfarandi þáttum:

- *Breytileika og nýjungum:*
Í keppni við Heimsmeistaramót og aðra viðburði um áhorfendur og athygli þarf landsmót að brydda upp á nýjungum og gera hvert mót fyrir sig áhugavert.
- *Auknum fjölda áhorfenda:*
Með vaxandi fjölda hestamanna, innlendra sem erlendra, sem sækja landsmót, mun fjöldi gesta vaxa.
- *Markaðslegu mikilvægi:*
Landsmót munu hafa vaxandi markaðslegt mikilvægi fyrir hvers konar hestatengda þjónustu; ræktun, sölu, tanningar og þjálfun, útflutning, sölu á vöru og búnaði svo og ferðaþjónustu.

- *Bættari aðstöðu á mótisstað:*
Í tengslum við fyrsta atriðið hér að ofan þarf að gera kröfu um að öll aðstaða á landsmótisstað fari batnandi, s.s. varðandi áhorfendur, keppendur, hesta, söluaðila, dómara, starfmenn og alla aðra er á landsmót koma. Ennfremur má nefna í þessu sambandi hvers konar upplýsingagjöf, útsendingar, útgáfu, netvæðingu o.fl.
- *Auknum kröfum um þjónustu nærri landsmótisstað:*
Að sama skapi má búast við að landsmótisstaðir muni gera auknar kröfur til síns nánasta umhverfis, s.s. varðandi samgöngur, gisti- og veitingastaði, afþreyingarþjónustu, hestatengda ferðaþjónustu og hestatengda þjónustu, s.s. hesthús og reiðhús til afnota fyrir keppnishross.

Landsmótisstaðir framtíðarinnar

Staðall um landsmótahald

Mannvirkjanefnd LH vann fyrir stjórn sambandsins drög að staðli um mannvirki fyrir landsmót hestamanna. Drögum þessum var skilað til stjórnar LH vorið 2005. **Í staðaldrögum koma fram ýmsar mikilvægar upplýsingar um kröfur til landsmótisstaðar.** Staðaldrögin eru að mestu byggð á reynslu af framkvæmdum landsmóta á tímabilinu 1998 – 2004.

Ekki er ástæða til að endurtaka hér upplýsingar úr staðaldrögum en vísað er til þeirra þar sem það á við.

Uppbygging landsmótisstaða

Síðastliðin ár og áratugi hefur landsmótshald kallað á verulegar endurbætur og fjárfestingar á hverjum landsmótisstað. Erfitt getur verið að standa undir slíkum fjárfestingum þegar langt er á milli móta á viðkomandi stað.

Eigi að byggja landsmótisstaði upp þannig að mótin batni sífellt, verði eftirsóknarverðari og standi vel í samkeppni við aðra viðburði, eins og vikið er að í kafla 3.4 hér að framan, er nauðsynlegt að horfa til þess að aukin tíðni landsmóta á tilteknum stað eykur verulega tækifærin til að bæta viðkomandi mótisstað.

Með þessu móti má reikna með því að kostnaður rekstraraðila (Landsmót hestamanna ehf.) minnki er frá líður, samfara betri landsmótisstöðum.

Ennfremur má benda á að mjög jákvæð samlegðaráhrif nást ef landsmót eru haldin á stöðum sem nýta mannvirkin samfellt, s.s. að þar sé nærliggjandi hesthúsabyggð, reiðhús og önnur aðstaða. Þannig myndi fjárfesting í landsmótisstöðum nýtast betur en ella.

Ákvörðun um landsmótisstaði

Hafa ber í huga að landsmót hafa þróast mikið undanfárin ár og munu halda áfram að þróast í náinni framtíð. Í dag eru nokkrir staðir á landinu sem sterklega koma til greina sem landsmótisstaðir skv. núgildandi kröfum.

Það er mat nefndarinnar að þegar rætt er um kröfur sem gerðar eru til landsmótisstaða og þá staði sem til greina koma að rétt sé að horfa til 8 – 10 ára í senn. Ekki er með nokkru móti mögulegt að horfa lengra fram í tímann, annars vegar vegna þróunar landsmóta og krafna til þeirra og hins vegar vegna þróunar þeirra staða sem haldið geta landsmót. Líklegt má telja að á næstu árum komi fram nýjir staðir sem geti verið frambærilegir til að halda landsmót í framtíðinni, betri staðir en þeir sem fyrir eru.

Ennfremur verður að hafa í huga fjölbreytileika landsmóta. Ef einn landsmótsstaður yrði fyrir valinu um einhvern tíma, er hætt við að mótin yrðu einsleit og gæti það haft neikvæð áhrif á aðsókn. Annað atriði þessu tengt, sem áhrif hefur á fjölbreytileika landsmóta, er að þau flytjist að einhverju marki á milli landshluta.

Þá ber og að hafa í huga að eitt af þeim mikilvægu atriðum sem orðið getur til að bæta landsmótsstaði framtíðarinnar er samkeppni á milli staða.

Að teknu tilliti til allra þeirra þátta sem fram hafa komið í þessari skýrslu er það mat nefndarinnar að skynsamlegast sé að haga staðarvali landsmóta í náninni framtíð þannig að valinn sé sá staður sem best uppfyllir kröfur og skilyrði hverju sinni. Rétt er að hafa í huga, með hliðsjón af framansögðu, að kröfur til landsmótsstaða geta breyst eftir hvert mót, með hliðsjón af reynslu, þróun og staðháttum.

Lokaorð

Það er von nefndarmanna að skýrsla þessi skili því sem vænst var af starfi nefndarinnar. Nefndarmenn telja að það hafi ekki verið hlutverk nefndarinnar að fjalla um einstaka landsmótsstaði eða taka beinar ákvarðanir um staðarval.

Nefndin lagði megináherslur á að fjalla um þær fjölmörgu forsendur sem hafa verður í huga við staðarval landsmóta og kosti hverju sinni. Því hljóti ákvörðunaraðili fyrst og fremst að hafa í huga við val á landsmótsstað, að sú ákvörðun tryggi og styrki landsmótahald. Það hlýtur að vera augljóst meginmarkmið.

Ásgeir Margeirsson

Guðlaugur Antonsson

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

VIÐAUKI III

Kvörðun landsmótssvæða 2012-2014

2.útgáfa

Mannvirkjanefnd LH

Janúar 2010

Inngangur

Mannvirkjanefnd hefur borist umsagnir/athugasemdir frá umsækjendum landsmóts 2012 og 2014 í framhaldi af skýrslu/minnisblaði sem gefin var út í lok árs 2009 af Mannvirkjanefnd, varðandi kvörðun mótssvæða. Mannvirkjanefnd hefur í framhaldi farið yfir umsagnir og gert smávægilegar breytingar á kvörðun, skýrslan er því gefin hér út í annað sinn með breytingum.

Mannvirkjanefnd LH fór yfir umsóknir 5 hestamannafélaga eða eignarhaldsfélaga í eigu hestamannafélaga fyrir Landsmót 2012 og 2014 að beiðni stjórnar LH og er þetta minnisblað niðurstaða þeirrar greiningar. Þau félög eða eignarhaldsfélög sem lögðu inn umsóknir eru:

- Léttir á Akureyri með félagssvæði sitt á Akureyri. Fyrir LM2014.
- Funi í Eyjafirði með Melgerðismela fyrir LM2014.
- Gullhylur í Skagafirði með Vindheimamela fyrir LM2014.
- Fákur í Reykjavík með Víðidal fyrir LM2012.
- Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands með Gaddstaðaflatir fyrir LM2012 og LM2014.

Til að fara einungis yfir það sem að mannvirkjum snýr var ákveðið að búa til nokkurs konar kvarða um mannvirki og skipulag sem þarf að vera til staðar á Landsmóti og kvarða svæðin. Ekkert tillit er tekið til staðsetningar, félagslegra þátta, samgangna né annars slíks heldur einungis skoðaðir þættir sem lúta að vallaraðstæðum, skipulagi og uppbyggingu á svæðunum.

Niðurstaða

	Akureyri Léttir	Gaddstaðaflatar Geysir	Melgerðismelar Funi	Vindheimamelar Gullhylur	Víðidalur Fákur
Reiðvellir	1	4	4	4	4
Veitukerfi	4	4	3	3	4
Skipulag og aðkoma	1	3	2	3	3
Tjaldsvæði	0	3	4	4	0
Gisting	4	3	3	2	4
Byggingar á mótssvæði	4	4	2	1	4
Hesthús	4	3	2	2	5
Áhorfendabrekkur og stúkur	1	3	2	3	4
Alls	19	27	22	22	28

Niðurstaða

Við mat á umsóknum er byggt á þeim upplýsingum sem koma fram í umsóknum ásamt þeim upplýsingum sem nefndarmenn búa yfir um svæðin. Ljóst er að í mörgum tilfellum er hægt að gera ráðstafanir til þess að uppfylla betur þau skilyrði sem við erum að setja fram. Niðurstaðan mannvirkjanefndar miðar því við í hvaða ástandi svæðin eru nú ásamt þeim framkvæmdum sem nefndar eru í umsóknum hestamannafélaganna.

Þessi aðferð sem notuð er hér við kvörðun mótssvæðana er ný af nálinni. Er það von nefndarinnar að þessi vinna sem lögð hefur verið í þessa skýrslu muni geta haldið áfram að þróast þannig að úr verði gagnabanki yfir öll mótssvæði á landinu. Slíkur banki mun auðvelda alla vinnu við val á mótssvæðum framtíðarinnar.

Mannvirkjanefnd LH.

Birgir Leó Ólafsson

Halldór Svansson

Hinrik Bragason

Kristján Andrésson

Ásgeir Margeirsson

Kvarðinn

Hér að neðan er upptalninga á þeim 8 þáttum er lúta að svæðunum, sem nefndin telur að þurfi að vera til staðar. Þau 8 atriði sem horft er til í þessu samhengi eru þessi:

- Vellir
- Veitukerfi
- Skipulag og aðkoma
- Tjaldsvæði
- Gisting
- Byggingar á mótsvæðinu
- Hesthús
- Áhorfendabrekkur og stúkur

Stig eru gefin frá 0-5. Hæsta talan gæfi til kynna að svæðið mundi uppfylla allar kröfur rekstraaðila mótsins og lægri tala þýðir þá að ekki næst að uppfylla kröfur rekstraaðila. Við samantekt atriðanna 8 er tekið fram það sem horft er til við stigagjöf. Sama vægi er á öllum atriðum.

1. Vellir:

Gæðingakeppnisvöllur og kynbótavöllur aðskilin, þannig að hægt sé að halda hvoru tveggja í einu. Gæðingskeppnisvöllur uppfyllir kröfur til slíkra vella, bæði fyrir fjórgang og fimmgang. Kynbótabraut er sérstæð, 4-6 metra breið og sérstaklega afmörkuð. Undirlag og frágangur girðinga hefbundinn.

2. Veitukerfi:

Afl rafmagnsveitu er nægilegt og dreifikerfið uppfyllir settar kröfur Landsmóts ehf. Neysluvatnskerfi uppfyllir kröfur Landsmóts ehf og þrýstingur þess er nægilegur. Dreifikerfið nær yfir mótssvæðið og tengd tjaldsvæði. Hitaveita á svæðinu, er ekki skilyrði en til bóta.

3. Skipulag og aðkoma:

Skoðað er í heild hvernig svæðið virkar. Horft er til þess að svæðin séu sæmilega þétt, stutt á milli valla og áhorfendur geti sem mest verið beggja megin við velli, sérstaklega

gæðingakeppnisvelli. Aðkoma gesta, keppenda og annarra sé greið. Tekið er tillit til staðsetningar tjaldsvæða m.v. mótssvæði sem og staðsetning og stærð bílastæða. Aðkoma sjúkrabíla sé greið og að aksturleiðir að og frá svæðunum séu amk 2.

4. Tjaldsvæði:

Tekið er tillit til eftirfarandi þátta við stigagjöf á tjaldsvæðum:

- Skjól.
- Kalt vatn.
- Hreinlætisaðstaða.
- Undirlag,
- Aðstaða með tenglum fyrir felli- og hjólhýsi.
- Staðsetning við sjálft mótssvæðið og möguleg skipting tjaldsvæða mtt til aldursdreifingar mótsgesta.

5. Gisting

Horft er til þeirra möguleika sem eru í nánasta umhverfi mótssvæðis varðandi gistingu. Þ.e. framboð af ýmiskonar gistingu, hótela, gistiheimila, bændagistingu og annað slíkt.

6. Byggingar á mótssvæði

Horft er til þeirra bygginga sem nýtast mótinu, s.s. reiðhallir, skála sem nýtast fyrir stjórn og fréttamenn. Staðsetning mannvirkja verður að vera þannig að þau geti nýst mótahaldinu. Hesthús eru ekki meðtalin.

7. Hesthús:

Horft er til þess magns af hesthúsum sem er í boði fyrir keppendur, einnig gæði húsanna og staðsetningu m.t.t nálægðar við mótssvæðin

8. Áhorfendabrekkur og stúkur:

Horft er til áhorfendabrekka ásamt aðstöðu til þess að koma upp stúkum. Áhorfendasvæði í kringum allan gæðingavöllinn myndu teljast besti kostur í þessu tilviki.

Svæðin

Akureyri:

- Reiðvellir: Óvissa með samspil valla, virðist vera sem ekki sé hægt að halda kynbótasýningu og gæðingakeppni samtímis.
- Veitukerfi: Staðsetning svæðisins býður upp á góðar tengingar við veitur.
- Skipulag og aðkoma: Þröngt svæði, uppfyllir ekki kröfur um velli að áhorfendabrekku.
- Tjaldsvæði: Fá tjaldsvæði á mótssvæðinu.
- Gisting: Næg gisting í nánasta nágrenni.
- Byggingar á mótssv.: Góð reiðhöll með góðri staðsetningu.
- Hesthús: Nægilegt magn af hesthúsum.
- Áhorfendabrekkur: Litlar áhorfendabrekkur, erfitt aðgengi fyrir stúkur.

Engar umsagnir bárust frá Léttir, því voru engar breytingar gerðar þar.

Gaddstaðaflatar:

- Reiðvellir: Vellir standast kröfur.
- Veitukerfi: Nokkuð góð veitukerfi, tryggja þarf þrýsting á neysluvatni.
- Skipulag og aðkoma: Mótssvæði þétt, en staðsetning tjaldsvæða dálítið frá mótssvæði. Svæðið stórt og hefur möguleika á að geta tekið á móti miklum fjölda fólks.
- Tjaldsvæði: Nægileg tjaldsvæði, hægt að skipta tjaldsvæðum upp, lítið skjól, malarkennt undirlag, hægt að hafa sér svæði fyrir knapa.
- Gisting: Gisting til staðar á dreifðu svæði á Hellu og umhverfis
- Byggingar á mótssv.: Reiðhöll, skáli ásamt anddyri reiðhallar, vel búið mannvirkjum, staðsetning reiðhallar leiðinlega út úr.
- Hesthús: Stóðhestahús á svæðinu ásamt hesthúsum á Hellu.
- Áhorfendabrekkur: 2 brekkur hefur vestari brekka stundum verið talin of lág, þröng aðstaða fyrir stúkur ofan við brekkur

Bætt var stigi við reiðvelli hjá Gaddstaðaflötum, vegna þess að skilyrði eru uppfyllt betur en metið var í fyrstu, einnig var bætt við stigi vegna bygginga á mótssvæði, reiðhöll nýttist betur en metið var í fyrstu. Einnig komu fram nýjar upplýsingar varðandi áhorfendabrekkur, mannvirkjanefnd mat það þannig að ekki væri ástæða til að breyta mati þar, en ef til nefndra framkvæmda kæmi, myndi það hafa jákvæð áhrif á þennan lið.

Melgerðismelar:

- Reiðvellir: Vellir standast kröfur, sérstök kynbótabraut.
- Veitukerfi: Dreifikerfi vatns ekki til staðar, styrkja verður rafmagnsstofna.
- Skipulag og aðkoma: Frekar dreift svæði, fjarlægðir langar innbyrðis á milli valla. Svæðið stórt og hefur möguleika á að geta tekið á móti miklum fjölda fólks.
- Tjaldsvæði: Nægileg tjaldsvæði, gott undirlag, hægt að hafa sér svæði fyrir knapa.
- Gisting: Gisting til staðar á dreifðu svæði.
- Byggingar á mótssv.: Reiðskemma á staðnum, frekar illa staðsett.
- Hesthús: Stóðhestahús ásamt tveimur nýjum húsum, hesthús í nágrenni.
- Áhorfendabrekkur: Hluta til of brött. Staðsetning stúka erfið mtt aðkomu gesta. Afstaða brekku og vallar ekki góð mtt til fjarlægða.

Bætt var stigi hjá Melgerðismelum vegna veitukerfa, þau eru betri en Mannvirkj nefnd hafði upplýsingar um. Einnig komu fram athugasemdir varðandi áhorfendabrekkur, mannvirkjanefnd mat það þannig að ekki væri ástæða til að breyta mati þar, en ef til nefndra framkvæmda kæmi, myndi það hafa jákvæð áhrif á þennan lið.

Vindheimamelar:

- Reiðvellir: Vellir standast kröfur, sérstök kynbótabraut.
- Veitukerfi: Veitukerfi í frekar góðum málum almennt.
- Skipulag og aðkoma: Mótssvæði þétt, en staðsetning tjaldsvæða dálítið frá mótssvæði. Svæðið stórt og hefur möguleika á að geta tekið á móti miklum fjölda fólks.
- Tjaldsvæði: Nægileg tjaldsvæði, lítið skjól, hægt að hafa sér svæði fyrir knapa
- Gisting: Gisting til staðar á mjög dreifðu svæði.
- Byggingar á mótssv.: Skáli, klósetthús, ásættanlegur húsakostur.
- Hesthús: Stóðhestahús á svæðinu ásamt hesthúsum í nágrenni.
- Áhorfendabrekkur: Góð áhorfendabrekka. Staðsetning stúka erfið m.t.t. aðkomu gesta.
Engar umsagnir bárust frá Gyllhyl, því voru engar breytingar gerðar þar.

Víðidalur:

- Reiðvellir: Vellir standast kröfur, ekki sérstök þröng kynbótabraut. Braut opin og víð , hentar illa ungum hrossum.
- Veitukerfi: Veitukerfi í góðum málum.
- Skipulag og aðkoma: Býður upp á að hafa mótssvæði mjög þétt, vantar tjaldstæði.
- Tjaldsvæði: Engin tjaldsvæði á staðnum.
- Gisting: Góðir gistimöguleikar í nánasta nágrenni.
- Byggingar á mótssv.: Reiðhöll, skálar, vel búið mannvirkjum.
- Hesthús: Mikið af góðum húsum í nánasta nágrenni.
- Áhorfendabrekkur: Góðar áhorfendabrekkur, sérstaklega í kringum Hvammsvöll. Góðir möguleikar á stúkum.

Engar sérstakar umsagnir bárust frá Fákí, aðrar en kynning sem haldin var fyrir stjórn LH og Mannvirkjanefnd. Við breytingar á einkunnagjöf fyrir velli Gaddstaðafлата var ákveðið að gefa Víðidal einnig þar stig til samræmis. Hugmyndir Fáksmanna um skipulag Landsmóts er töluvert öðruvísi heldur en Mannvirkjanefnd áætlaði í byrjun, það er mat mannvirkjanefndar að breytingar á skipulagi, sérstaklega að ætla að setja bílastæði út af aðalsvæðinu gangi illa upp og muni hafa neikvæð áhrif á svæðið í heild sinni.

Lokaorð

Skýrsla þessi, sérstaklega kvörðun á mótssvæðum er ætluð til þess að auðvelda utanumhald um getu og gæði mótssvæða. Almennt virðist skýrslunni hafa verið vel tekið og ber því að fagna, en ljóst er að kvarðinn mun þróast áfram m.t.t. til þarfa hverju sinni. Ábending kom frá Rangárbökkum varðandi það að ekkert tillit hefur verið tekið til beitarsvæða, sú ábending er rétt, Gaddstaðaflatir, Vindheimamelar og Melgerðismelar koma mjög vel út í þeim lið, sérstaklega í samanburði við Víðidal, mannvirkjanefnd hefur ekki góðar upplýsingar um Akureyri, því er aðeins óljóst með það svæði hvað varðar þetta atriði. Þetta atriði mun í framtíðinni koma inn í kvarðann ásamt öðrum breytingum. Ekki þótti rétt að umbylta núverandi greiningu við endurútgáfu.

VIÐAUKI IV
AFGREIÐSLA ÞINGSKJALA FRÁ 57.LANDSÞINGI
LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

- haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 -

Þingskjal nr. 8

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23.október 2010 samþykkir að ef Landsmót fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum þannig að ekki er hægt að halda það á því ári sem áætlað var, tekur næsta Landsmót við að tveimur árum liðnum.

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

*Haraldur Þórarinsson kom þá fram með tillögu þess efnis að tillögunni yrði vísað til Landsmótsnefndar sem var **samþykkt af þinginu**.*

Niðurstaða þingsins: tillagan SAMÞYKKT

Niðurstaða LM nefndar: Þessi tillaga mun hafa verið sett fram vegna þess ástands sem skapaðist s.l. sumar þegar ekki var hægt að halda LM á þeim tíma sem fyrirhugað var, heldur var tekin ákv. um að fresta mótinu um 1 ár í stað þess að fella það niður(fresta í 2 ár). Þetta mun hafa verið gert með það í huga að með því væri verið að koma til móts við þarfir þeirra sem hafa viðurværi sitt með einum eða öðrum hætti af hestamenskunni, sem felur jafnframt í sér viðurkenningu á mikilvægi landsmóta hestamanna fyrir „atvinnugreinina“. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að í frestun sem þessari felast annmarkar sbr. m.a. eftirfarandi:

- Landsmót hestamanna er stór og mikilvægur viðburður í hestamenskunni á Íslandi og jafnframt í heimi FEIF. Með því að halda slíkan viðburð árlega(2011 og 2012) er hætt við að verið sé að gengisfella hann og þar með valda beinlínis skaða á vörumerkinu Landsmót hestamanna. Því má ekki gleyma að fyrir rúmum áratug var tekin ákv. um að halda landsmót á 2ja ára fresti í stað 4ra ára eins og tíðkast hafði til þessa og var langt í frá sjálfgefið að það gengi rekstrarlega upp með þeim hætti, eins raunin hefur sem betur fer orðið. Er hætt við að með þessu móti sé verið að ganga nærri rekstraraðila landsmótanna. Það kann ekki góðri lukku að stýra að ríða sama hesti fulla tvo áfanga í senn þó góður sé, það þarf ekki að kenna hestamönnum.
- Um langa hríð hefur sá háttur verið viðhafður að landsmót hestamanna eru haldin á því ári sem Evrópumeistaramót, nú heimsmeistaramót íslenska hestsins eru haldin á vegum FEIF. Er þetta eðlilegt þegar horft er til þess að hér er um tvo stærstu viðburði að ræða á svæði FEIF, þ.e. í Íslandshesta heiminum. Er vandséð að það sé nokkrum til góðs að þessir tveir viðburðir fari að berjast um keppendur, sýnendur, styrktaraðila og síðast en ekki sýst áhorfendur í stað þess að styrkja hvorn annan eins og halda má fram að raunin hefur verið.

Af þessum sökum er það skoðun nefndarmanna að það sé farsælla að Landsmót hestamanna verði fellt niður/frestað um 2 ár, komi til þess að ekki sé hægt að halda það á því sumri sem stefnt var að. Hlýtur þá

að vera eðlilegt að horfa til þess að mótið verði þá haldið á þeim stað sem til stóð á fyrirhuguðum tíma og aðrir staðir færast aftur sem því nemur, nema annað mæli gegn því.

Þingskjal nr.21

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að breyta reglum um undirbúning og framkvæmd landsmóta þannig að í stað 6. kafla í lögum og reglum LH komi eftirfarandi kafli:

6 Reglur um undirbúning og framkvæmd landsmóta

6.1 Um landsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin á hverju ári. Á oddatöluárum verði haldin unglíngalandsmót, en fullorðinslandsmót á árum sem bera slétt ártal.

Kynbótahross verði sýnd á hverju ári auk kappreiða og töltkeppni.

6.2 Undirbúningur landsmóta

Stjórn LH skal hafa forgöngu og umsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndaraðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

6.3 Val á landsmótsstað

Landsmótsstað velur stjórn LH að höfðu samráði við Bændasamtök Íslands og rekstraraðila. Við staðarval skal haft að leiðarljósi að þeir staðir sem þegar eru uppbyggðir og fullnægja að mestu leyti kröfum til landsmótsstaða skulu fá tækifæri til að halda landsmót. Jafnframt eigi nýir staðir möguleika á að halda landsmót með nægum fyrirvara, hyggist staðarhaldarar byggja upp slíka aðstöðu. Þá sé horft til þess að mótssvæðið nýtist milli landsmóta og að nærpjónusta vegna landsmóts, eins og samgöngur, gistrými o.þ.h. uppfylli lágmarksviðmið.

Ákvörðun um landsmótsstað skal liggja fyrir með a.m.k. fimm ára fyrirvara. Samningar um aðstöðu á landsmótsstað og eftirgjald fyrir mótssvæðið skulu undirritaðir innan árs frá því ákvörðun um staðarval liggur fyrir.

6.4 Tímasetning landsmóta

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

6.5 Keppnisgreinar landsmóta

Á unglíngalandsmótum skal fara fram keppni í barna-, unglíng- og ungmennaflokki svo og keppni úrvalstöltara. Einnig skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar.

Á fullorðinslandsmótum skal fara fram keppni úrvalsgæðinga í A- og B-flokki og keppni úrvalstöltara. Einnig skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar.

6.6 Val hrossa og keppenda á landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna-, unglíng- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna-, unglíng- og ungmennakeppni. Barni, unglíngi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun í úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær

umferðir og gildi þá betri árangur.

6.7 Ráðstöfun hagnaðar eða taps á landsmótum

Leitast skal við að landsmótin séu rekin með hagnaði og skal hagnaður notaður til að byggja upp þekkingu á rekstri mótanna og standa undir kostnaði við búnað sem nýtist á landsmótum og flyst á milli móta.**nýtt**

6.8 Um reglur um landsmót

Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.

Flytjandi: Hestamannfélagið Funi

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Niðurstaða þingsins: SAMÞYKKT að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar.

Niðurstaða LM nefndar: Nefndin vísar til þess sem fram kemur í skýrslu hennar, einkum kafla um staðarval og dagskrá. Nefndin telur jafnframt rétt að fram komi að það er samdóma skoðun hennar að ekki sé rétt að brjóta landsmótin upp og halda þau á hverju ári með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir. Telur nefndin að með því væri verið að taka verulega áhættu á því að Landsmót hestamanna yrðu ekki svipur hjá sjón miðað við það sem verið hefur hingað til.

Þingskjal nr. 22

Lögð er fram tillaga til 57. Landsþings LH haldið á Akureyri 22. og 23. október þess efnis að

stjórn LH beiti sér fyrir því að endurskoða rækilega tilgang, starfshætti og rekstur Landsmóts ehf.

Greinargerð:

Í ljósi reynslunar allt frá stofnun Landsmóts ehf. er tímabært að staldra við og skoða hvað áunnist hefur og hvað misfarist í starfsháttum og rekstri undanfarinna landsmóta. Nauðsynlegt að rifja upp tilgang stofnunar þessa rekstrarfélags og hvort náðst hafi að ná fram þeim markmiðum sem upp var lagt með. Sömuleiðis er hægt að velta upp hvort Landsmót ehf. sé á réttri braut hvað varðar landsmótahaldið en mjög deildar meiningar eru um það nú um stundir. Má þar nefna kröfur til mótssvæða og almennt umfang mótsins.

Flytjandi: Hestamannfélagið Geysir

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Niðurstaða þingsins: SAMÞYKKT að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar

Niðurstaða LM nefndar: Rúmlega áratugur er liðinn frá því Landsmót hestamanna ehf. var stofnað og á þeim tíma hefur félagið borið ábyrgð á rekstri 4ra landsmóta, þ.e. 2002, 2004, 2006 og 2008. Það er vissulega fullkomlega eðlilegt að eigendur félagsins, LH og BÍ, setjist niður á hverjum tíma og skoði hvernig hafi til tekist og hvað megi betur fara. Svo er um allan rekstur. Hins vegar er það skoðun nefndarinnar að ekki sé síður þörf á að skoða aðra þætti varðandi rekstur landsmótahalds, s.s. samstarf BÍ og LH í þessu sambandi, uppbyggingu og rekstur landsmótsstaða, svo eitthvað sé nefnt.

Þingskjal nr.23

Lögð er fram tillaga fyrir 57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 til breytingar á kafla 6.1 í reglum LH um ákvörðun um Landsmót. Lagt er til að fyrsta setning greinarinnar breytist og verði: Landsmót hestamanna skulu haldin annaðhvert ár, til skiptis á einum stað á Norðurlandi og einum stað á Suðurlandi.

Greinargerð:

Úthlutun landsmóta hefur verið mikið í umræðunni síðustu ár. Sitt sýnist hverjum enda oft á tíðum miklir hagsmunir í húfi og ekki síður tilfinningar. Nokkur sátt hefur verið um landsmótahald hin síðari ár á Norður- og Suðurlandi og er því hér með beint til þingsins að festa það fyrirkomulag í sessi með þessum hætti. Hér eru fyrst og fremst hagkvæmnissjónarmiðin sem eru forsenda þessarar tillögu. Það er skynsemi fólgin í því að byggja upp tvo staði til landsmótahalds til lengri tíma. Núverandi aðferð við staðarval, að etja staðarhöldurum saman og knésetja þá helst í samningum, getur ekki gengið til lengdar.

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Niðurstaða þingsins: SAMÞYKKT að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar

Niðurstaða LM nefndar: Nefnin vísar til þess sem fram kemur í skýrslu hennar einkum kafla um staðarval.

Þingskjal nr.27

Lögð er fram tillaga til 57. Landsþings LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 til breytingar á kafla 7.8 í reglum LH um gæðingakeppni á landsmótum.

Lagt er til að öll forkeppni á landsmóti fari fram á tveimur völlum samtímis.

Greinargerð:

Það hefur víða komið fram í máli manna um langt árabil að dagskrá landsmóta er of löng. Fjöldi keppnishrossa er mikill. Teljum rétt að koma fram með tillögu sem þessa í því ljósi að að auka þannig svigrúm í dagskrá landsmóta og stytta mótshaldið.

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd og Keppnisnefnd

Niðurstaða þingsins: SAMÞYKKT að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar

Niðurstaða LM nefndar: Nefndin vísar til þess sem fram kemur í skýrslu hennar einkum kafla um dagskrá. Það er ljóst að það er hægt að létta dagskránni fram að stórhelginni með fjölgun valla en á móti kemur að áhorfendur kunna að missa af einhverju sem þeir ella hefðu séð. Nefndin lítur svo á að hér sé um framkvæmdalegt og fjárhagslegt atriði að ræða sem staðarhaldari og rekstraraðili taki ákv. um á hverjum tíma.